

## Forvarnarstefna Brúarskóla

### Helstu áherslur í forvarnarstefnu Brúarskóla

#### ➤ Sjálfsefning

Með sjálfsefningu byggja nemendur upp jákvæða sjálfsmynd. Henni fylgir aukinn sjálfssagi og þrautseigja. Nemendur öðlast aukna félagsfærni og öryggi í samskiptum og læra um leið að taka ábyrgð á gerðum sínum og taka sjálfstæðar ákvarðanir.

#### ➤ Heilbrigði

Heilbrigður lífsstíll stuðlar að aukinni vellíðan og velferð nemenda. Heilbrigðir lífshættir felast meðal annars í hollu mataræði, nægum svefni, góðri hreyfingu og útivist. Áhersla er einnig lögð á forvarnir gegn hvers kyns fíkniefnum og óæskilegri nethegðun.

#### ➤ Ofbeldislaust samfélag

Ofbeldi er ekki liðið í Brúarskóla. Unnið er gegn bæði líkamlegu og andlegu ofbeldi, sem og einelti á markvissan hátt. Nemendur læra aðrar og uppbyggjandi leiðir til þess að takast á við mótlæti.

Markmið Brúarskóla er að vinna á jákvæðan hátt að því að bæta hegðun nemenda, kenna þeim nýja hegðun og hrósa fyrir allt það sem vel er gert. Auk þess að styðja nemendur í því að finna sínar sterku hliðar og styrkja þær enn frekar. Skólastarfið á að vera hvetjandi og uppbyggjandi. Náið samstarf er við foreldra, félagsþjónustu, barnavernd og heilbrigðiskerfið með það að markmiði að efla nemendur og grípa inn í með auknum stuðningi eða sértækum úrræðum þegar þess gerist þörf.

#### Leiðir til sjálfsefningar eru meðal annars:

- Hvatning og hrós
- Unnið út frá styrkleikum og áhuga nemenda
- Snillinganámskeið/ART
- Önnur fræðsla, s.s. KVAN

#### Leiðir til heilbrigðis eru meðal annars:

- Boðið upp á ávexti í upphafi dags
- Hollur morgunmatur og hádegismatur
- Áhersla á hreyfingu og útivist
- Fræðsla um heilbriggt lífverni, bæði formleg fræðsla og óformlegra spjall við nemendur
- Fræðsla gegn áfengis- og vímuefnanotkun, bæði formleg fræðsla fyrir nemendur og foreldra og óformlegra spjall við nemendur
- Fræðsla um ábyrga nethegðun

#### Leiðir að ofbeldislausu samfélagi

- Unnið samkvæmt [viðbragðsáætlun Brúarskóla](#) og [reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum](#)